Hringbrautar verkefnið

Framkvæmdafréttir 75 29.03 2022

Hringbrautarverkefnið staða framkvæmda og fréttir af verkefninu

- Heilbrigðisráðherra heimsækir framkvæmdasvæðið
- Fundað með fulltrúum fjárlaganefndar Alþingis
- Samningur við Verkís um fullnaðarhönnun á húsi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Uppsteypa meðferðarkjarna
- Jarðvinna í grunni rannsóknahúss

Heilbrigðisráðherra heimsækir framkvæmdasvæði Nýs Landspítala

Dagný Brynjólfsdóttir stjórn NLSH, Finnur Árnason stjórnarformaður NLSH, Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, Gunnar Svavarsson framkvæmdastjóri NLSH, Ásta Valdimarsdóttir ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins og Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH

Um miðjan mars heimsótti Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra, framkvæmdasvæði Nýs Landspítala. Kynnt var ítarlega staða og framganga Hringbrautarverkefnisins og síðan var farið í vettvangsferð um framkvæmdasvæðið.

Fulltrúar fjárlaganefndar Alþingis funda með Nýjum Landspítala ohf.

Fulltrúar í fjárlaganefnd Alþingis ásamt starfsmönnum NLSH

Það var létt yfir hópnum í heimsókninni

Fulltrúar fjárlaganefndar Alþingis funduðu nýlega með Nýjum Landspítala ohf.. Stjórn og framkvæmdastjóri NLSH funduðu með nefndinni þar sem farið var yfir stöðuna og þær áskoranir sem tekist er á við. Sviðsstjóri framkvæmdasviðs og staðarverkfræðingur kynntu framkvæmdirnar og farið var um verksvæðið á Hringbraut.

Samningur við Verkís um fullnaðarhönnun á húsi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Tillaga Verkís hópsins - Hús Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Lokuðu útboði, í kjölfar forvals, um fullnaðarhönnun húsnæðis Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands (HVS) lauk með töku tilboðs ráðgjafahóps undir forystu Verkís.

Ráðgjafahópinn skipa auk verkfræðistofunnar Verkís hf. TBL arkitektar sem samanstanda af fyrirtækjunum T.ark arkitektum ehf., Batteríinu sf. og Landslagi ehf. svo og eru John Cooper Architecture (JCA) með í hópnum. Gengið hefur verið til samninga við ráðgjafahópinn á grundvelli niðurstöðu útboðsins, sem var tvíþætt, matstillaga og kostnaðartilboð.

Matsnefnd, sem skipuð var fimm aðilum, lagði mat á innsendar tillögur og gaf þeim einkunnir samkvæmt fyrirfram ákveðnu matskerfi útboðsgagna.

Bygging Háskóla Íslands á Hringbrautarsvæðinu er hluti af uppbyggingu á nýjum Landspítala, en gert er ráð fyrir að Háskóli Íslands flytji nær alla starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs í endurbættan Læknagarð og nýbyggingu sem mun rísa sunnan nýs meðferðarkjarna og tengjast Læknagarði sem er þar fyrir. Auk nýbyggingarinnar, sem er um 8.300 m2, á að breyta skipulagi og starfsemi í Læknagarði.

„Við hjá NLSH erum mjög ánægð með þátttökuna í útboðinu, en það bárust fjórar vandaðar tillögur fyrir matsnefnd að velja úr. Vinningstillagan er vel leyst og endurspeglar góðan skilning á verkefninu. Ég er þess fullviss að nýbyggingin eigi eftir að sóma sér vel á Hringbrautarlóðinni með bæði gömlum og nýjum byggingum á svæðinu," segir Bjargey Björgvinsdóttir verkfræðingur og arkitekt á hönnunarsviði NLSH, en Bjargey er aðalverkefnastjóri NLSH vegna HVS.

Uppsteypa meðferðarkjarna

Uppsteypa efri kjallara í vesturenda meðferðarkjarna í fullum gangi

Horft í norður yfir neðri kjallara

Séð yfir fyrirhugað svæði þar sem Hringhraðall verður staðsettur í meðferðarkjarnanum

Uppsteypuverkefnið á meðferðarkjarna gengur vel, en aðalverktaki uppsteypuverksins er Eykt hf.

„Helstu verkþættir sem nú eru í gangi við uppsteypuna eru áframhaldandi vinna við mótauppslátt, járnabendingu, jarðskaut, fyllingar og lagnir í grunni.
Allri vinnu við undirstöður og botnplötur í neðri kjallara er lokið. Vinna við undirstöður og botnplötur í efri kjallara er á góðu róli," segir Eysteinn Einarsson staðarverkfræðingur hjá NLSH.

„Í neðri kjallara er vinna við veggi og súlur langt komin. Vinna við loftaplötur yfir neðri kjallara er ríflega hálfnuð. Vinna við frágang kjallaraveggja, fyllingar að þeim sem og fyllingar inn í rými er í fullum gangi.
Vinna við uppsteypu veggja og súlna efri kjallara er komin vel af stað og mannvirkið þar með farið að teygja sig upp úr grunninum.
Vinna við fyrstu eftirspenntu plötuna er hafin og verður spennt í byrjun apríl og vinna við stálvirki hefst á næstu vikum.
Vinna við tengiganga milli meðferðarkjarna og rannsóknahúss er hafin. Því má segja að hér sé allt á fullum krafti," segir Eysteinn.

Jarðvinna í grunni rannsóknahúss

Það hillir undir lok jarðvinnu í grunni rannsóknahússins

„Vel hefur gengið í jarðvinnu rannsóknahússins og fer senn að ljúka," segir Bergþóra Smáradóttir verkfræðingur og verkefnastjóri hjá framkvæmdasviði NLSH.

„Okkar áætlanir eru að framkvæmdin klárist að fullu á næstu vikum. Verktaki vinnur að því að keyra allt laust efni af svæðinu ásamt því að setja upp bergstyrkingar meðfram grunninum, þar sem þörf er á slíku. Framkvæmdin hefur gengið vel þrátt fyrir erfitt og rysjótt veðurfar í vetur," segir Bergþóra.

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595 andriol@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is

NLSH ohf. / Skúlagata 21, 101 Reykjavík / Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is

Höfundaréttur © NLSH ohf.